

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða- Húsavíkur- og Ljósavatnshreppum.

Vjer Christian hinn niundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: að vjer viljum, með því allraþegnsamlegast hefir verið mælt til og beiðzt allra hæstu staðfestingar varrar á skipulagsskrá, sem frumrituð er hept við þetta brjef og samin hefur verið 7. febrúar 1869 fyrir styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða- Húsavíkur og Ljósavatnshreppum, — allramildilegast hafa samþykkt og staðfest nefnda skipulagsskrá, er samhljóða staðfest eptirrit hennar hefur verið sent dómsmálastjórnarráðgjafa vorum, eins og vjer með þessu brjefi samþykkjum og staðfestum hana, þó þannig, að þar sem gefandinn í 5. grein skrárinnar meðal annars leggur fyrir alþingismanninn fyrir Suður-Þingeyjarsýslu að taka þátt í stjórn styrktarsjóðsins, á þessi bluttekta hans í stjórninni að vera bundin við þann skilmála, að hann tjái sig fúsan á að takast þetta starf á hendur.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma nokkru því, sem að framan er ritað. Ritað í hinum konunglega aðsetursstað vorum Kaupmannahöfn hinn 3. júlí 1874.

Undir, hið konunglega innsigli vort.

L. S.

Eptir allramildastri skipun hans hátignar,

C. S. Klein.

F. Vestergaard.
ass.

Í skiptaráðstöfun minni dags. 3. október 1865, sem samþykkt er og undirskrifuð af erfingjum mínum, hef jeg ráðstafað 500 ríkisdöllum af verði jarðarinnar Laxamýrar, sem inni stendur hjá syni mínum Sigurjóni bónda á Laxamýri, þannig: að þeim verði að mjer látnum, varið til menntunarstyrks, — einkum í búnaði og jarðyrkju — handa námfúsum en fátækum bændaefnum í þeim 3 hreppum, hvar jeg hef alið allan aldur minn; nefnilega Helgastaða- Húsavíkur- og Ljósavatns-hreppum. Þar sem drottinn hefur nú þóknast að treina líf mitt allt á þennan dag, hef jeg við nákvæmari yfirvegun fundið nauðsynlegt, að gjöra ýtarlegri ráðstöfun um fyrirkomulag og stjórn þessarar litlu stofnunar eptir minn dag, og verður það sem eptir fylgir:

1.

Sjóður þessi skal nefnast: Styrktarsjóður Jóhannesar Kristjánssonar, handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða- Húsavíkur- og Ljósavatns-hreppum.

2.

Að mjer fráföllnum, setjist innstæðan á vöxtu gegn óbundnu og áreiðanlegu fasteignar veði, og ávaxtist þar til sjóðurinn er orðinn 1000 rd. Má eigi taka til vaxtanna, fyrri en sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, sem nú var sagt.

3.

Þá er sjóðurinn hefur náð tjeðri upphæð, sem mjer telst til að verði að 18—20 árum liðnum frá andláti mínu, ef vel er á haldið; þá skal fara að verja leigunum, til að styrkja einn eður fleiri námfúsa unga menn af bænda stjett, til að afla sjer nauðsynlegrar kunnáttu í búnaði og jarðarrækt. Styrkurinn veitist einungis mönnum í þeim 3 hreppum, sem að framan eru nefndir, og skulu niðjar mínir hafa forgöngurjett, ef til eru, og verðugir finnast til að njóta styrksins.

1875

24

30ja

jól

1874.

4.

Verði búnaðarskóla, eður þessleiðis menntastofnun komið á fót hjer í sýslu, skal sjóðurinn leggjast til tjeðrar stofnunar, henni til styrktar og viðgangs. Þó skal sjóðurinn jafnan vera sjerstök stiptun með sjerskildum reikningum, og ágóðanum, eður afgiptinni jafnan vera varið á þann hátt, sem ákveðið er í 3. grein.

5.

Sem stjórnendur og umsjónarmenn sjóðsins tilnefni jeg sýslumanninn og hjeraðsprófastinn, samt alþingismanninn fyrir syðra kjördæmi sýslunnar, hverjir sem eru eða verða kunna. Þessir menn hafa á hendi umsjón og ábyrgð sjóðsins undir yfrumsjón amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, hverjum þeir senda árlega skilagrein um efnahag og meðferð sjóðsins. En þá er úthluta skal styrk þeim, sem að framan er getið, kveðja stjórnendurnir sjer til ráðaneytis hreppstjórana í þeim 3 hreppum, sem áður eru nefndir.

Þessa mína síðustu ráðstöfun, undirskrifa eg og innsigla í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Krossi þann 7. febrúarm. 1869.

Jóhannes Kristjánsson,
(handsalað).

L. S.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

E. Halldórsson.

25

18da

júlí

1874.

Staðfesting konungs á gjafarbrjefi, sem hefur inni að halda fyrirmæli um skipulag styrktarsjóðs Örums og Wulffs.

Staðfestingin er orðuð eins og hin næst undangengna, en skipulagsskráin segir svo:

Örum og Wulff

Kaupmannahöfn dag 17. júlímánaðar 1874.

Í minningu þúsundaráhátíðar Íslands gefum við með þessu brjefi 1500 rd. í 4% arðberandi konunglegum skuldabriefum til að stofna af þeim styrktarsjóð handa Suður-Þingeyjarsýslu og Norðurmúla- og Suðurmúla-sýslum í norður- og austur-amti Íslands, en í þessum sýslum höfum við um mörg ár rekið verzlun vora; um það hvernig sjóði þessum skuli stjórnað og varið, skipum við svo fyrir:

1. grein.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Örums og Wulffs.

2. grein.

Innstæðuna má aldrei skerða, vextirnir leggist fyrst um sinn fyrir, þangað til stofnaður er í norður- og austur-amti Íslands búnaðarskóli, og á að kaupa fyrir vexti þá, sem saman er safnað, konungleg skuldabrief, sem leggist til innstæðunnar. Þegar slíkur skóli er stofnaður skal vöxtunum af innstæðu sjóðsins varið til að styrkja ungan námfúsan mann af bændastjettinni, sem hefur lyst en vantar efni til að sækja slíkan búnaðarskóla, og á það, að því leyti sem við verður komið, að vera í sitt skipti frá hverri sýslu þeirra, sem að ofan eru nefndar.

3. grein.

Fyrst um sinn eiga amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu og verzlunarstjóri okkar á Húsavík að veita sjóðnum forstöðu, en þegar búnaðarskóli sá, sem nefndur var, er stofnaður, skal stjórn sjóðsins lögð undir forstöðunefnd skólans.